

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

28. ágúst 2025
UOS2501693/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. júlí 2025, Arnarlax ehf. Arnarfirði - ID 168

Þann 1. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Arnarlax ehf. Í Arnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin við eftirlit.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Töluvert af fugli var við eina kví í Hringsdal, fuglarnir voru sveimuðu yfir kvinni og sátu á netinu.
2. Töluvert af fugli var við eina kví í Steinanesi.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynn eftirlitsaðila hvenær seiði verða sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Eftirlitsaðili hefur ekki fengið tilkynningu vegna útsetningar seiða í Tjaldnesi.
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Niðurstöður um vöktun eldissvæða þarf að liggja fyrir áður en seiði eru sett í kvíar og sent til eftirlitsaðil með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara fyrir útsetningu. Frávikinu hefur verið lokað þar sem skýrslan hefur borist eftirlitsaðila.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. september 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Teymi eftirlits